

Sp. 102. Tillaga til þingsályktunar [89. mál]

um sjálfvirk viðvörðunarkerfi á hraðbrautir með varanlegu slitlagi.

Flm.: Oddur Ólafsson, Ólafur G. Einarsson, Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Vegagerð ríkisins að koma upp sjálfvirkum hálkuvíðvörðunarkerfum við hraðbrautir með varanlegu slitlagi, einkum við vegakafla, þar sem athugun hefur leitt í ljós, að sérstök hættu er á hálkumyndun.

Kostnaður við framkvæmdirnar teljist stofnkostnaður við viðkomandi hraðbraut.

Greinargerð.

Sú reynsla, sem fengizt hefur af akstri á Reykanesbraut á undanförunum árum, bendir til verulegrar slyshættu á hraðbrautum vegna hálkumyndunar. Um þessar mundir er verið að taka í notkun um 20 kílómetra steypa hraðbraut á Vesturlandsvegi og um 50 kílómetra hraðbraut með olíumalarslitlagi á Suðurlandsvegi. Ætla má, að háлка verði slysaaldur á báðum þessum brautum. Veldur þar mestu hið breytilega veðurfar hér á landi. Komið hefur í ljós, að á vissum köflum veganna myndast háлка, fremur en á öðrum köflum þeirra. Vegfarendum er nauðsyn að fá um þetta aðvörðun, og telja flutningsmenn þessarar tillögu, að það verði ekki gert með öruggari hætti en hinu sjálfvirka aðvörðunarkerfi.

Vegagerð ríkisins hefur fylgt með og kannað hálkumyndun á þessum vegum og mun halda því áfram. Einnig hefur verið gerð áætlun um kostnað við uppsetningu slíkra viðvörðunarkerfa, og er hann allmikill. En þegar tekið er tillit til hins gífurlega eigna- og heilsutjóns, sem árlega verður vegna umferðarslysa af völdum háلكu m. a., virðist einsýnt, að gera beri allt, sem mögulegt er, til þess að komið verði í veg fyrir þann skaða.